



# UPP Í SVEIT

12. - 14. júní 2020 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Sveitahátíðin *Upp í sveit* verður haldin helgina 12. – 14. júní.

Vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu var lengi vel ekki ljóst hvort hægt yrði að halda hátíðina en í byrjun maí var ákveðið að hún yrði haldin en þó ívið smærri í sniðum en síðasta ár.

Menningar- og æskulýðsnefnd hefur verið beðin að halda utan um hátíðina og hefur Ástráður U. Sigurðsson verið ráðinn verkefnastjóri.

Dagskráin er enn í mótun og á eftir að bætast við hana. Fullmótuð dagskrá birtist í fréttabréfinu sem kemur út 12. júní en einnig mun hún birtast á íbúasíðunni og *Upp í sveit* á Facebook.

Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir í félagsheimilinu Brautarholti munu hefjast innan skamms mun dagskráin fara að mestu fram í Árnesi og í Þjórsárdalsskógi. Ratleikurinn *Upp í sveit* og *Kyndilberinn* fara fram um alla sveit.

Nýr rekstraraðili í félagsheimilinu Árnesi mun taka þátt í ýmsum viðburðum. Settur verður af stað ratleikurinn *Upp í sveit* og víðavangshlaupið/ gangan/ hjólréiðatúrinn/reiðtúrinn *Kyndilberinn* sem standa mun í allt sumar. Ratleikurinn og *Kyndilberinn* eru nánar kynntir á öðrum stað hér í bæklingnum. Dagskrá verður í skóginum í Þjórsárdal og markaður verður

í félagsheimilinu Árnesi. Sundsprettur verður í Skeiðalaug. Hreinsunarátakið *Fínt upp í sveit* hefst 8. júní og stendur til 11. júní. Leikjagarður verður settur upp á íþróttavellinum í Árnesi þar sem ungir sem aldnir geta leikið sér saman. Samstarf er við verkefnið *Heilsueflandi samfélag* í ratleiknum, Kyndilbernum og leikjabrautinni.

Íbúar eru hvattir til að skreyta hjá sér í sömu litum og í fyrra (sjá nánar hér í bæklingnum) og taka myndir og senda á instagram #uppisveit2020.

Veitt verða verðlaun fyrir skreytingar.

Verðlaunaafhendingar og frekari dagskrá sveitahátíðarinnar *Upp í sveit* fer fram í lok ágúst þar sem stefnt er að því að halda veglega uppskeruhátíð. Nánar um það síðar í sumar.

Hlökkum til að sjá sveitunga og þeirra gesti á sveitahátíðinni *Upp í sveit*.

*Menningar- og æskulýðsnefnd SkogGn.*



## HREINSUNARÁTAK

Hreinsunarátakið *Fínt upp í sveit* dagana 8. - 12. júní

Aukaopnun gámasvæða er eftirfarandi:

Brautarholt: mánudaginn 8. júní og miðvikudaginn 10. júní frá kl. 13.00 - 17.00.

Árnes: þriðjudagur 9. júní og fimmtudagur 11. júní frá kl. 13.00 - 17.00.

Hægt er að fá gáma fyrir járn heim að bæjum endurgjaldslaut. Járnarusl a.m.k. 4 rúmmetrar verður sótt endurgjaldslaut heim á bæi sé þess óskað.

Bjarni Jónsson, starfsmaður í þjónustustöð mun leiðbeina um hvernig skal flokka það sem farga þarf.

Auk þess veitir hann allar nauðsynlegar upplýsingar um gámana og annast útvegum gáma þar sem þess er óskað.

Sími hjá Bjarna er 892-1250 og netfang [bjarni@skeidgnup.is](mailto:bjarni@skeidgnup.is)

## RATLEIKUR

Ratleikur *upp í sveit*

Ratleikurinn verður á sínum stað en hann heppnaðist afar vel í fyrra. Hann verður settur í gang, laugardaginn 13. júní.

Allir geta verið með; mömmur og pabbar, afar og ömmur, systur og bræður, krakkar og hundar.

Hlaða þarf appinu „Turf Hunt“ í síma til að geta tekið þátt.

Ratleikurinn fer fram um alla sveit.

Nánari lýsing á leiknum kemur inn á íbúasíðuna þegar nær dregur.



HEILSUEFLANDI

samfélag

vellíðan fyrir alla

## Fótboltagolf Markavelli

Fótboltagolf er frábær og skemmtileg afþreying fyrir alla þá sem eru tilbúnir í að prufa eitthvað nýtt. 18 holu völlum staðsettur rétt hjá Flúðum í Hrunamannahrepp er tilvalin afþreying fyrir alla, unga sem aldna.

Opið í allt sumar! Tökum á móti einstaklingum, fjölskyldum og hópum! Tilvalið í starfsmannaferðina eða fjölskyldu fjörið!

VERÐSKRÁ:

2.000kr - Fyrir 16 ára og eldri.

1.000kr - Fyrir 7-15 ára.

Fyrir 6 ára og yngri er frítt inn í fylgd með fullorðnum borgandi gesti.



@fotboltagolf



@markavollur



fotboltagolfvollur@gmail.com







786-3048

# RATLEIKUR, HREINSUNARÁTAK, SKREYTINGAR O.FL!

## SKREYTT UPP Í SVEIT!

Allir íbúar, sumarhúsaeigendur og fyrirtæki eru hvött til að skreyta hjá sér á sveitahátíðinni *Upp í sveit*.

Sveitinni er skipt niður í eftirfarandi liti:

- |                                 |        |  |
|---------------------------------|--------|--|
| • Skeiðin - Brautarholt:        | gult   |  |
| • Skeiðin - dreifbýli:          | rautt  |  |
| • Gnúpverjahreppur - Árnes:     | bleikt |  |
| • Gnúpverjahreppur - dreifbýli: | blátt  |  |

Tökum höndum saman og skreytum sveitina.  
Sendið myndir á Instagram#uppsveit2020.  
Nánar á íbúasíðu og netmiðlum.



### SUMAROPNUN NESLAUGAR

15. JÚNÍ - 31. ÁGÚST

ÞRIÐJUDAG - FIMMTUDAG  
OPIÐ KL. 14:00 - 22:00

FÖSTUDAG - SUNNUDAG  
OPIÐ KL. 10:00 - 18:00

LOKAÐ Á MÁNUDÖGUM!

### SUMAROPNUN SKEIÐALAUGAR

HEFST 15. JÚNÍ

OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR  
KL. 14:00 - 22:00

LOKAÐ Á ÞRIÐJUDÖGUM!!

## FÖSTUDAGUR 12. JÚNÍ

STADUR: SVEITAMÖRK FLÓA OG SKEIDA, ÁRNES

### Kl. 19.00 - Kyndilberinn fer af stað.

Sveitarstjórn SkogGn. ber kyndilinn fyrsta spölinn.

Lagt af stað við sveitamörk Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Allir velkomnir að taka þátt.

Sjá nánar í kynningunni á *Kyndilberanum*.

*Kyndilberinn* er í samstarfi við verkefnið *Heilsueflandi samfélag*.

### Kl. 20.30 – 23.00 - Pubquiz

Pubquiz í félagsheimilinu Árnese.

Tilboð á barnum.

Lengd á opnunartíma gæti breyst. Verður þá tilkynnt á íbúasiðu og víðar.

## LAUGARDAGUR 13. JÚNÍ

STADUR: ÁRNES, VORSABÆR OG UM ALLA SVEIT

### 10:00- Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Lagt af stað frá félagsheimilinu Árnese. Leiðarlýsing er inni á íbúasiðunni.

Nánari upplýsingar gefur Selma Kaldalóns.

### Kl. 11.30 – 14.00 - Hádegisverður í félagsheimilinu Árnese.

Þórður Ingvason sér um hádegisverðinn í samstarfi við Korngrís.

Til að geta virt 2m. regluna (sem þess óska) þarf að panta í hádegisverðinn í síðasta lagi um hádegi, föstudaginn 12. júní.

Pantanir hjá Þórði Ingvasyni í síma 698 - 4342.

Verð kr. 1500.- f. fullorðna og 750.- kr. f. börn.

Hádegisverðurinn er niðurgreiddur af sveitarfélaginu.

### Kl. 12.30 - Íþróttavöllur Árnese

Gaman saman – leikjabraut - fyrir unga sem aldna.

Allir geta verið með.

Ókeypis aðgangur.

### Kl. 13.00 - Handverk og háms.

Markaður með ýmsum varningi í félagsheimilinu Árnese.

### Kl. 13.00 - Ratleikurinn Upp í sveit

Ratleikurinn *Upp í sveit* settur í gang á netinu.

Sjá nánar um ratleikinn í kynningunni hér annarsstaðar í bæklingnum og inni á íbúasiðunni þegar nær dregur.

Ratleikurinn er unninn í samstarfi við verkefnið *Heilsueflandi samfélag*.

### Kl. 13.30 – 17.00 - Vorsabær 2

Teymt undir börnum inni í reiðhöllinni.

Tilboð fyrir þá sem setjast á hestbak.

Frítt að skoða geiturnar.

Verið velkomin.

### Kl. 18.00 - HÁH upp í sveit

Hátíð á hlöðunum – grill og fjör í götum, á bæjum, á hlöðum.

Takið myndir og sendið á instagram

#*uppsveit2020*.

### Kl. 21.00 - Árnese félagsheimili

Grín og spilerí með Bjarna töframanni.

Tilboð á barnum og ókeypis inn.

## SUNNUDAGUR 14. JÚNÍ

STADUR: ÞJÓRSÁRDALUR, ÞJÓÐVELDISBÆR OG VORSABÆR

**Kl. 13.00 – 15.00 - Þjórsárdalsskógur**  
Fjölbreytt dagskrá í skóginum í Þjórsárdal.  
Verðum við grillhúsið og út um allan skóg.

**Kl. 13.00 - Gengið upp í sveit**  
Bergur Björnsson frá Skriðufelli gengur  
m.a. að leiðinu í Þjórsárdalsskógi.  
Létt ganga.

**Kl. 10.00 – 17.00 - Þjóðveldisbærinn**  
Opinn frá kl. 10.00 – 17.00.

**Kl. 13.30 – 17.00 - Vorsabær 2**  
Teymt undir börnum inni í reiðhöllinni.  
Tilboð fyrir þá sem setjast á hestbak.  
Frítt að skoða geiturnar.  
Verið velkomin.



**Virðum tveggja metra regluna  
– fyrir þá sem vilja.  
Notum sóttvarnir.  
Við erum öll almannavarnir!**



Pizzavagninn verður opinn í Árnesi 12 júní kl 18-21  
Dagskráin og matsedill er á [www.pizzavagninn.is](http://www.pizzavagninn.is)



*Korngrís frá Laxárdal selur svínakjöt sem alið er á  
íslensku fóðri sem við ræktum í Gunnarsholti.  
Svínabúíð er staðsett í Laxárdal en kjötvinnslan er í  
sama húsnæði og slökkvistöðin í Árnesi*

*Kjötvinnslan er opin*

*Þriðjudaga og miðvikudaga 11:00-17:00*

*Fimmtudaga og föstudaga 11:00-16:30*

*Laugardaga 13:30-16:30*

# Bragð af vináttu!



- Hágæða gæluðýrafóður framleitt í Þýskalandi -
- Án viðbættra litar-, bragð- og rotvarnarefna -
- Sérlega bragðgott og auðmeltanlegt -

[www.facebook.com/joseraiceland](https://www.facebook.com/joseraiceland)

# KYNDILBERINN 2020 - Í ALLT SUMARI!

Hugmyndin bakvið *Kyndilberann* er sú að við sveitungar og þeirra gestir ferðumst innansveitar og reynum í leiðinni að kynna fyrir hvert öðru gamlar leiðir og sögur sem eru í hreppnum okkar. *Kyndilberinn* er því samstarf allra í sveitinni að koma „kyndlinum“ frá einum enda sveitarfélagsins í annan (og kannski til baka aftur?). Vonast er til að kyndillinn berist um alla sveit í allt sumar.

Núverandi hugmynd af útfærslu er þessi; sveitarstjórn hefur leikinn og ákveður slóðina sem þau ætla að að ferðast. Þegar sveitarstjórn hefur farið með kyndilinn ákveðna leið skora þau í leiðinni á einhvern einstakling/hóp til að taka við kyndlinum og bera hann í gegnum leiðir og slóða sem viðkomandi þekkir vel og vill kynna öðrum og segja frá. Viðkomandi velur sér fararmáta hvort sem það er gangandi, hjólandi, ríðandi, keyrandi eða annað og fer svo einhverja leið þar sem að kyndlinum er komið í hendur næsta kyndilbera.

Í gegnum netið vitnast hvar kyndillinn er niðurkominn. Einnig verður

það birt á netinu hvert næsti kyndilberi hyggst fara. Samtímis skorar viðkomandi á einhvern annan til að taka við kyndlinum á sínum endapunkti til að bera hann áfram einhverja aðra leið. Upphafspunktur hvernar leiðar er ávallt endapunktur síðustu leiðar. Þetta gengur svo koll af kolli þar til kyndillinn hefur vonandi borist þvers og kruss um sveitina og á sem flesta bæi og markverða staði.

Kyndillinn sjálfur er GPS tæki sem safnar öllum gögnum og skilar þeim af sér stafrænt á landakort þannig að í lok sumars getum við séð hvernig hann hefur ferðast um sveitina og jafnvel í og með kynnt okkur gamla slóða sem gaman er að fara.

Mælt er með því að kyndilberar bjóði öðrum með sér í för með því að láta vita af fyrirhugaðri för á netinu og að úr verði skemmtilegt og fræðandi ferðalag um sveitina okkar.

*Kyndilberinn* mun eiga sína sér slóð á Facebook. Nánar kynnt í júní-fréttabréfinu.



**PROMYND**

Strákarnir í ProMynd sjá um alla myndatöku og myndbandagerð og hafa gert síðastliðin ár!  
Einnig sjá þeir um þetta dreifibréf.

PROMYND.IS - PROMYND@PROMYND.IS - 774-2899

**HÆHÓ OG JIBBÍ JEI! - 17. JÚNÍ**

**STAÐUR: ÁRNES**

**Kl. 14.00 – Koddaslagur og sprell í Neslaug.**

**Kl. 15.30 – Hátíðarsamkoma í félagsheimilinu Árnese.**

Nánar auglýst í fréttabréfinu og á íbúasíðunni.



GERÐU GÓÐ KAUP  
HJÁ GÓÐKAUP



GÓÐKAUP.IS